



492. Stjórnarfundur haldinn 12. október. 2017 kl:18:00.

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (PMK), Bjarney S. Snævarsdóttir (BS), Birgir Már Bragason (BMB) og Eva Björk Sveinsdóttir (ES).
Fjarverandi: Birgir Ingibergsson (BI) og Sveinn Adolfsson (SA).

1. Fundagerð síðasta fundar

Farið yfir og samþykkt.

2. Innkomin bréf.

Svarbréf bæjaráðs Reykjanesbæjar v/erindis Keflavíkur vegna malarvallasvæðis við Hringbraut. **Móttekið.** Bréf frá Hafþóri Barða Birgissyni íþrótt- og tómskundafulltrúa og Guðlaugi Helga Sigurjónssyni sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs Reykjanesbæjar v/tilnefningu fulltrúa aðalstjórnar í viðræður um framtíðarsvæði malarvallarins. **Móttekið og EH skipaður sem fulltrúi aðalstjórnar í nefndina.** Bréf frá HSK v/uppgjör á landsmóti UMFÍ 50+. **Móttekið.** Bréf frá fjárfun.is þar sem verið er að bjóða samning v/fjárafllana á netinu. **Móttekið og senda á deildir og kanna þeirra hug.**

3. Send bréf.

Engin

4. 50. Sambandsþing UMFÍ.

Átta einstaklingar hafa gefið kost á sér til þingsetu á 50. Sambandsþingi UMFÍ sem haldið verður á Hallormstað. Framkvæmdastjóri er búin að panta flug og gistingu. Þau gögn sem hafa borist hafa verið send á þingfulltrúa í tölvupósti. EH hefur sent inn tillögu v/kostnaðar unglunga í landsliðsferðum.

5. Launa- og bókhaldskerfi.

EH sagði frá því að innleiðing á nýju bókhalds- og launakerfi er í ferli.

6. Malarvöllurinn við Hringbraut.

EH sagði frá því að Hafþór Barði Birgisson íþrótt- og tómskundafulltrúi og Guðlaugur Helgi Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs Reykjanesbæjar hafa boðað til fundur 19. október um framtíðarsvæði malarvallarins.

EH átti fund með Jóni Benediktssyni formanni knattspyrnudeildar og Jónasi Guðna Sævarssyni framkvæmdastjóra knattspyrnudeildar um sýn knattspyrnudeildar á svæðið.

7. Jólblað Keflavíkur 2017.

EH sagði frá því að undirbúningur að jólblaði væri hafin. Búið að senda tölvupóst á deildir v/skila á greinum.

Svo er spurningin hver verður í opnu viðtalinu. Rætt um nöfn. **Ákveðið að taka viðtal við xxxxxx bókað síðar.** Myndataka af aðalstjórn Keflavíkur. **Framkvæmdastjóra falið að finna tíma.**

8. Félagsheimili Keflavíkur.

EH sagði frá fundi sem hann átti með fulltrúum frá Nýherja vegna hljóðkerfis í sal 1 og 2. Tilboð lá fyrir fundinum. **Framkvæmdastjóra falið hvort ekki sé til ódýrari lausn á þessu.**

9. Önnur mál.

EH er ósáttur við meðferð á erindi sem hann sendi á íþrótt- og tómskundaráð Reykjanesbæjar en ráðið bókaði að erindið væri móttekið. Í kjölfari þess hefur EH óskað eftir fundi með bæjarstjóra.

Tölvupósturinn @keflavik.is verður færður yfir í microsoft 365 eftir helgi.

CoreData skjalvinnslukerfi er komið í gagnið hjá okkur. Fundagerðir komnar í skýið.

Næsti fundur 26. október kl. 18:00

Fundi slitið 19:15 Fundinn ritaði BS.

